

# RÍKISSAKSÓKNARI

## Fyrirmæli

Útgáfudagur:

30. ágúst 2023

Gildistaka:

30. ágúst 2023

RS: 4/2023

Kemur í stað RS: 7/2017

Efni: Mál sem send eru öðru embætti til ákærumeðferðar

### I. Almenn atriði

Fyrirmæli þessi gilda um mál sem send eru öðru embætti til ákærumeðferðar. Ákvæði fyrirmælanna um frágang rannsóknargagna eiga að jafnaði einnig við innan embættis, frá rannsóknardeild til ákæranda, ef ákærumeðferð máls er hjá lögreglustjóra.

### II. Frágangur rannsóknargagna og haldlagðir munir

#### 1. Rannsóknargögn á pappír

Rannsóknargögn skal senda í frumriti. Ekki er nauðsynlegt að senda afrit af þeim nema óskað sé sérstaklega eftir því.

Skjali á erlendu tungumáli, sem telst vera mikilvægt málgagn, skal að jafnaði fylgja þýðing á íslensku, unnin af löggiltum skjalapýðanda.

Rannsóknargögn skulu vera í skjalakápu eða skjalamöppu, vandlega skjalmerkt og með skjalaskrá. Skjalaskrá skal jafnframt vistuð inn í LÖKE sem Word-skjal þannig að hægt verði að gera á henni breytingar hvað varðar uppröðun skjala og tilgreiningu blaðsíðutals.

Óskjalmerkt fylgiskjöl skulu vera aðgreind frá merktum rannsóknargögnum.

Rannsóknargögn, ásamt skjalaskrá, skulu samhliða skönnuð og vistuð í heild sem skjal í LÖKE.

#### 2. Stafræn gögn

Öll stafræn gögn, svo sem myndefni, upptökur af skýrslutökum og gögn úr farsímum og tölvum, skulu fylgja rannsóknargögnum eða rafrænn aðgangur að þeim tryggður með öðrum hætti.

Lögreglustjóra er skylt að verða við beiðni viðtökuembættis um að útbúa afrit af stafrænum gögnum, sé þess óskað.

Merkja skal gögnin með viðeigandi málnúmeri og auðkenna um efni.

### 3. Munir

Að frátöldu myndefni, svo sem úr eftirlitsmyndavélakerfi, skal að jafnaði ekki senda haldlagða muni með rannsóknargögnum.

Lögreglustjóri skal gæta þess að aflétta haldlagningu muna ef haldlagning hefur ekki lengur þýðingu fyrir mál.

### III. Samantekt ákæranda

Máli skal fylgja lýsing á sakarefni málsins, mögulegri heimfærslu til refsíákvæða og stutt samantekt ákæranda um sönnunarstöðu þess, þ.m.t. hvort ákærandi telji málið líklegt til sakfellis.

Samantekt þessi, sem er vinnuskjal ákæruvaldsins, skal rituð á sérstakt skjal og ekki vera meðal skjalmerktra rannsóknargagna.

### IV. Sakarkostnaðaryfirlit

Máli skal fylgja yfirlit sakarkostnaðar, yfirlit af ákæranda, ásamt ljósriti af reikningum sem yfirlit tekur til.

### V. Fylgibréf máls

Málið skal sent með dagsettu bréfi þar sem tilgreina skal málsnúmer lögreglu, að hverjum málið beinist og á hvaða lagagrundvelli mál er sent milli embætta. Samantekt ákæranda um málið, atriði er varðar sönnun þess eða heimfærslu til refsíákvæða skulu ekki rakin í bréfi þessu.

Ef sakborningur sætir **gæsluvarðhaldi eða farbanni** skal það tekið fram í bréfinu og upplýst hvenær því lýkur. Þegar þannig stendur á, skal málið berst viðkomandi embætti eigi síðar en **5 virkum dögum** áður en gæsluvarðhald eða farbann rennur út. Sé það ekki unnt, skal haft samband við embættið, með hæfilegum fyrirvara, þar sem farið er yfir stöðu málsins og sammælt um hvernig best megi vinna að því.

### VI. Skráning í málaskrá og sending málgagna

Yfirfara skal skráningu máls í málaskrá (LÖKE) og gæta þess sérstaklega að brotaflokkar og sakborningar séu rétt skráðir.

Rannsóknargögn og önnur málgögn skulu send viðkomandi embætti í ábyrgðarpósti eða með öruggri boðsendingu. Samhliða sendingu málgagna skal senda málið milli embætta í LÖKE.

Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari